

# Vill fara til Ástralíu

Guðný Stefánía Stefánsdóttir, íþróttakennari og bæjarfulltrúi í Ísafjarðaræb er Vestfirðingur vikunnar.

— sjá bls. 10



# Þetta brjáláða afl sem tónlistin er

Eftir skamma stund í návist Lára Rúnars er ljóst að hér er á ferð heilsteypt og eldklár ung kona. Hún veit hvað hún vill í lífinu. Þessi hæfileikaríki listamaður er dóttir Ísfröðingsins Örnú Vignisdóttur og Rúnars Þórissonar. Lára leiðir lesendur BB í gegnum unglingsárin á Ísafirði, fyrstu skrefunum í tónlistinni, gleðinni á Húna II og af hverju hún lætur sig jafnrétti kynjanna varða.



— sjá bls. 12 og 13.




## Óháð fréttablað á Vestfjörðum

# BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 26. september 2013 · 38. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak

# Eldsmiður að störfum



...fyrir **BÍLINN**  
...fyrir **BÁTINN**  
...fyrir **HEIMILIÐ**  
...fyrir **FAGMANNINN**  
...fyrir **PIG!**

**SMÍÐJAN**  
VERSLUN  
SINDRAGÖTU 12

**HANKOOK**  
driving emotion



I\*PIKE W409

Frábært nagladekk fyrir íslenskar aðstæður.

**Hankook fyrir allar gerðir ökutækja!**

**BÍLAVERIÐ** ehf.  
Sindragötu 14 · S: 456 3501

EINFÖLD REIKNIVÉL  
Á **eBOX.IS**

**eBOX**  
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA  
SMÆRRI SENDINGAR



Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

**EIMSKIP**  
eBOX

# Dýrt að fá krabbamein

Ísafirðingurinn Jón Þór Guðbjörnsson greindist með illkynja æxli milli lunga og hjarta í október á síðasta ári og hóf þá strax lyfjameðferð. Tæplega ári síðar hefur hann greitt rúmlega 800 þúsund krónur fyrir þjónustu í heilbrigðiskerfinu, lyfjakostnað og ferðakostnað vegna veikindanna. Hann og eiginkona hans, Bolvkingurinn Guðný Ósk Þórsdóttir, tóku þátt í gerð skýrslu sem unnin var fyrir hönd Krabbameinsfélags Íslands af dr. Ingimari Einarssyni, félagsfræðings og ráðgjafa í heilbrigðismálum. Í skýrslunni kemur fram að á síðustu þremur áratugum hafi greiðsluþátttaka heimila og einstaklinga í heilbrigðiskerfinu tvöfaldað og var um 30 milljarðar árið 2012.

Formannafundur aðildarfélagas Krabbameinsfélags Íslands, lýsti áhyggjum af alvarlegri stöðu íslenska heilbrigðiskerfisins og skoraði á stjórnvöld að draga úr óhóflegum útgjöldum þeirra sem greinast með alvarlega sjúkdóma en greiðsluþátttaka þeirra hefur farið sífellt vaxandi undanfarin ár.

Guðný Ósk og Jón Þór tóku saman þann kostnað sem þau hafa þurft að greiða vegna meðferðar Jóns en með því vilja þau reyna koma stjórnvöldum, og fólkinu í landinu, í skilning um að þetta eru ekki bara einhverjar tölur á blaði heldur raunveruleiki sem þarf að glíma við. „Þetta hefur sett fjárhaginn á hliðina já, en sem betur fer hafa vinir og vanda menn staðið þéttingsfast við bak-

ið á okkur og settu meðal annars af stað söfnun fljótlega eftir að Jón greindist. Það, ásamt sparnaði okkar, hefur náð að dekkja þetta að mestu og því erum við mjög heppin miðað við marga aðra. Þegar hann greinist þá skulduðum við ekki krónu, áttum ekki hús og vorum ekki með bílalan og vorum búin að safna fyrir námi. Sá aur er náttúrulega búinn núna. Jón Þór átti inni feðraorlof og fór því ekki alveg strax á sjúkradagpeninga. Ég hins vegar var búin að vera launalaus í tvo mánuði og því „bara“ skráð heimavinnandi húsmóðir hvað varðar tryggingar og fékk því ekki makabætur,“ segir Guðný.

Eins og áður segir hafa þau greitt rúmar 800 krónur í tengslum við veikindi Jóns og þá er ekki allt tekið með. BB fékk að rýna í yfirlitið en að sögn Guðnýjar vantar þar nokkrar upphæðir sem þau hafa hreinlega ekki haft tíma til að taka með en sá kostnaður fólst meðal annars í nokkrum ferðum í apótek sem þau „hoppuðu inn í“ á leið heim af sjúkrahúsi.

„Þá er einungis tiltekinn ferðakostnaður vegna ferða til og frá sjúkrahúsi í Reykjavík þegar hann hefur þurft að leita sér þjónustu þangað en ekki ferðir þegar ég hef ekið með börnin til Reykjavíkur í þösson þegar hann hefur orðið það veikur að þau geta ekki verið á heimili sínu eða þegar hann liggur á 11e [legudeild krabbameinssjúklinga] og ég fer þá daglega að hitta hann eða á læknafundum. Einnig vantar nokkr-



## Jón Þór, Guðný Ósk og börn.

dagmömmu. Allt þetta breyttist þegar Jón greindist í október,“ segir Guðný Ósk.

Af þessum ríflega 800 þúsund krónum hafa þau greitt 181.859 krónur í komugjöld (komur til krabbameinsslækna, heimilislækna, á bráðamóttökur, lyfjagjafir, sjúkrabílar og fleira). Vegna rannsókna hafa þau greitt 204.603 krónur, fyrir lyf 115.462 krónur en undir þann lið falla lyfseðilskyld lyf, ólyfseðilskyld lyf, krem, lyfjabox, sprautubox, sóttthreinsivörur og annað tilfallandi sem kemur að notum fyrir Jón. Vegna sjúkráþjálfunar hafa þau greitt 13.800 krónur og loks

ar nótur frá sjúkráþjálfun sem hann hefur farið í á Suðurnesjum að undanfögnu. Annað sem ekki er inn í yfirlitinu er kostnaður vegna daggæslu barnanna, samtals um 80 þúsund krónur á mánuði. Áður en Jón Þór greinist er ég nýbúin í fæðingarorlofi og því heimavinnandi og ætluðum við að hafa það þannig fram að áramótum á meðan börnin væru að aðlagast nýju bæjarfélagi og skóla. Einnig ætlaði ég að vera heima með son okkar sem var eins árs frá því í júlí þangað til hann væri kominn með leikskólapláss vegna þess hve kostnaðarsamt væri að fara með hann til

vegna ferðakostnaðar 319.950 krónur. Samanlagt gerir þetta 835.674 krónur.

Æxlið sem Jón Þór er með liggur á milli slagæða helstu líffæra líkamans, lunga og hjarta, og því mjög hættulegt að reyna að skera eða geisla á því svæði. Í staðinn hefur hann verið í lyfjagjöf og hefur nú farið í gegnum fjórar meðferðir til þessa og svo í aðgerð þar sem lækarnir héldu að það væri meinvarp í lærisvöðva en kom svo í ljós að svo var ekki.

„Æxlið er ennþá til staðar og hefur haldist stöðugt síðan í febrúar. Læknirinn kallar það „sofandi æxli“ og hann segir að það gæti haldist sofandi í tuttugu, þrjátíu, fjórtíu ár eða það gæti vaknað á morgun. Jón fer því í skoðun á tveggja mánaða fresti, fer í myndatöku og hittir krabbameinsslækni næstu tvö árin. Næstu tvö árin eftir það er skoðun á fjögurra mánaða fresti, næstu tvö árin eftir það á hálfs árs fresti og þegar sjöunda árið hefst þarf hann jafnvel bara að fara í skoðun á árs fresti, ef æxlið helst sofandi það er að segja. Ef það vaknar þarf að skoða róttækari meðferðir segir krabbameinsslæknirinn. Honum þótti reyndar hálf kjánalegt að segja „róttækari“ því lyfjameðferðin var ansi öflug. Honum líður bærilega í dag, nokkuð verkjalaus en fær þó verki annars lagið. Hann er þróttlítill og þolir lítið en líður að sjálfsögðu vel með það staðan sé þessi í dag, að æxlið sé sofandi,“ segir Guðný. Jón Þór hóf nám í haust í orku- og umhverfistækniþræði við Keili og er þar í fullu námi. „Hann gerir ekki mikið meira en að læra blessaður, og hvíla sig þess á milli,“ segir Guðný.



## Fasteignamat á Vestfjörðum um þriðjungur af höfuðborgarsvæðinu

Fasteignamat húseignar á Patreksfirði er einungis 16% af fasteignamati sömu eignar í Þingholtunum í Reykjavík, samkvæmt tölum sem Byggingastofnun hefur látið Þjóðskrár Íslands reikna út. Miðað er við einbýlishús með 161,1 fermetra grunnflöt og 351 rúmmetra

rými. Einnig er gert ráð fyrir 808 fermetra lóð. Einnig voru fasteignagjöld metin, en útreikningarnir voru sendir viðkomandi sveitarfélögum og tillit tekið til athugasemda. Lítil fylgni er milli fasteignamats og fasteignagjalda. Útreikningarnir voru framkvæmdir fyrir 30 þéttbýlisstaði á land-

inu, en þar af eru fjórir á Vestfjörðum.

Meðaltal fasteignamats á Ísafirði, Hólmavík, Bolungarvík og Patreksfirði er um 13,3 milljónir. Það er 22% af mati eignar í Þingholtum í Reykjavík, en 36% af meðalmati í Reykjavík. Innbyrðis munur á sveitarfélögum á

Vestfjörðum er verulegur, en eignin er metin á rétt rúmar 19 milljónir á Ísafirði en tæpar 10 á Patreksfirði. Munurinn er slíkur að fasteignamat Hólmavíkur, Bolungarvíkur og Patreksfjarðar er lægra en meðaltal þeirra staða auk Ísafjarðar.

– herbert@bb.is

Samkaup

úrval

góðir grannar

Helgartilboð 26. - 29. september

samkaupurval.is

Ódýrt

verð áður 998 kr/kg

898 kr/kg

Lambabógur

frá Kaupfélagi Skagfirðinga



Úrvals  
Íslenskar  
nauta Rib-Eye  
steikur

verð áður 3.845 kr/kg

2.999 kr/kg

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

Ódýrt

verð áður 589 kr/pk

389 kr/pk

Alifuglahakk 600g

frosið, frá Ísfugli

...sjá uppskrift

„Franskur  
pottréttur með  
nautakjöti,  
„bouquet garni”  
og dökkum bjór”  
samkaupurval.is

Ódýrt

verð áður 359 kr/pk

269 kr/pk

Spergilkálsblanda 750g

frosin, frá Coop

Úrvals  
Íslensk nauta  
innralæri

verð áður 3.498 kr/kg

2.589 kr/kg

úr kjötborði eða pökkuð fersk

Ódýrt

verð áður 359 kr/pk

269 kr/pk

Hvítlauksbrauð 2 stk 350g

frosin, frá Coop

...sjá uppskrift

Ferskur  
C-vítamíngjafi:  
„Kíví-hristingur  
(smoothie)”

KÍVÍ



verð áður 489 kr/kg

245 kr/kg

Skráðu þig á póstlistann á samkaupurval.is og fáðu nýjustu tilboðin og uppskrift í tölvupósti á hverjum fimmtudagsmorgni



**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620  
**Afgreiðsla og ritstjórn:** Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560  
**Ritstjóri BB og bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is  
**Ábyrgðarmenn:** Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.  
**Blaðamenn:** Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is  
 Herbert Snorrason, 846-3971, herbert@bb.is  
**Auglýsingar:** Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is  
**Prentvinnsla:** Litróf ehf.  
**Upplag:** 2.200 eintök  
**Dreifing:** Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum  
**Stafræn útgáfa:** www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is  
**Önnur útgáfa:** Á ferð um Vestfirði  
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

## Ritstjórnargrein

# Þá fyrst væri illa komið

Sama dag og borgarstjórnin í Reykjavík tók við nær sjötíu þúsund undirskriftum atkvæðisbærra Íslendinga, þar sem krafist var að horfið yrði frá þeirri fyrirætlan borgaryfirvalda, að leggja niður flugvöllinn í Vatnsmýrinni árið 2016, rituðu átta fyrirverandi forsetar Alþingis grein í Morgunblaðið, undir fyrirsögninni: „Skyldur borgaryfirvalda við Alþingi Íslendinga.“ Í greininni er vitnað til fyrri tíma samkomulags milli Alþingis og borgaryfirvalda um það sem kalla mætti Alþingisreit, en þar voru tekin af öll tvímæli um að ekki yrði þrengt að Alþingi.

„Við hljótum að líta á slíka ákvörðun í trássi við vilja Alþingis og brigð við Alþingi,“ eru viðbrögð áttmenninganna. Síðan segja þeir: „Í stjórnarskránni er kveðið á um, að Alþingi skuli vera í Reykjavík og svo um búið að ekkert raski friði þess né frelsi. Þessi ákvæði leggja ríkar skyldur á herðar borgaryfirvöldum, sem þeim er rétt að rækja af hógværd og festu.“ Forsetarnir fyrirverandi skora síðan á borgarstjórn að falla frá byggingaráformunum við Austurvöll: „Svo komið verði í veg fyrir að Alþingi þurfi að taka til sín skipulagsvaldið yfir Alþingisreitnum, Austurvelli og Kirkjustræti, hvetjum við undirritaðir fyrirverandi forsetar Alþingis borgaryfirvöld til góðrar samvinnu við forseta Alþingis.“ Varla verður skýrar að orði kveðið.

Haft er eftir Herði Guðmundssyni, einum reyndasta sjúkraflugmanni landsins, að þegar flogið er með sjúklinga til Gautaborgar, Kaupmannahafnar og Stokkhólms, sé að kröfu sjúkrahúsanna óskað eftir lendingu á tilteknum flugvöllum, sem næstir eru. „Nálægðin við sjúkrahús skiptir miklu meira máli en margir vilja vera láta,“ segir Hörður. Fyrrum forsetar Alþingis vitna til stjórnarskrárvarnis réttar Alþingis, varðandi Alþingisreitinn. Borgaryfirvöld hljóti að verða að líta honum. Hvað gerir Alþingi ef sú staða kemur upp, að borgaryfirvöld láti sig í engu skipta þarfar þegnanna á landsbyggðinni og hundsá þar að auki vilja megin þorra þjóðarinnar? En annað verður ekki úr því lesið, ef flugvöllurinn í Vatnsmýrinni verður sleginn af og innanlandsfluginu reitt náðarhöggið. Hætt er við að í vitund þjóðarinnar verði Reykjavík þá ekki lengur sú höfuðborg sem við kjósum heldur einungis einn byggðakjarnanna á SV-horni landsins, þar sem stöðugt smákóngastríð ríkir. Þá fyrst væri með sannni hægt að segja að illa væri komið fyrir landi og þjóð.

s.h.

## Spurning vikunnar

Ertu sátt(ur við þær breytingar sem gerðar hafa verið á Austurvegi á Ísafirði

Alls svöruðu 665.

Já sögðu 200 eða 30%

Nei sögðu 346 eða 52%

Hlutlausir voru 119 eða 18%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

# Stefnir í sameiningu hjá Sparisjóði Bolungarvíkur?

„Það er engin launung að Bankasýslan vill sameina sparisjóðakerfið,“ segir Ásgeir Sólbergsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Bolungarvíkur. Í síðustu viku kom meðal annars fram í svari fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirsögn Óssurar Skarpheðinssonar á alþingi um málefni sparisjóðanna, að stefnt sé að frekari sameiningu sparisjóða. Í

svari við spurningu um hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að endurheimta þá fjármuni sem ríkið hefur lagt í sparisjóðina segir ráðherra að Bankasýsla ríkisins hafi lýst þeirri skoðun sinni að sameining sparisjóða sé nauðsynleg.

„Þeir þrýsta stöðugt á að sjóðirnir skoði sinn gang. Það er allt opið hjá öllum sjóðunum, þar á

meðal okkur.“ Bankasýsla ríkisins á verulegan hlut í fjórum sparisjóðum í dag, þ.e. Sparisjóði Bolungarvíkur, Sparisjóði Norðfjarðar, Sparisjóði Norðurlands og Sparisjóði Vestmannaeyja. „Vilji Bankasýslunnar er að sameina í landshlutasjóði fyrst, en ef það gengur ekki verður að taka stærra landssvæði fyrir,“ segir Ásgeir. – herbert@bb.is



Sigurður Jónsson skipstjóri á Aurora.

# Aurora komin frá Grænlandi

Skútan Aurora kom til Ísafjarðar fyrir stuttu eftir hátt í tveggja mánaða útiveru við strendur Grænlands. „Ég er búinn að sigla þarna yfir á þessum tíma á hverju ári í nokkurn tíma. Ég fer yfirleitt með hóp héðan. Fyrsta ferðin var tveggja vikna leiðangur um óbyggðir og síðan skiptum við um hópa, annað hvort hér á Ísafirði eða í Kulusuk. Í þetta skiptið var það yfirleitt Kulusuk,“ segir Sigurður Jónsson, skipstjóri, sem hélt til Grænlands 27. júlí síðastliðinn.

Aurora er hluti af rekstri ferðapjónustu Borea á Ísafirði, en í Grænlandsferðunum er boðið upp á óbyggðakönnun á austur-Grænlandi, siglt meðfram ströndinni og um firði ásamt kajakferðum og fjallaklifri. Ferðirnar eru jafnan ein eða tvær vikur.

Sigurður segir að tímasetningar ráðist af veðurfari á svæðinu. „Þetta tímabil á Austur-Grænlandi er nokkuð stutt. Það er varla hægt að komast yfir fyrr en hafísinn er horfinn, í júlí eða svo, og svo þarf maður að koma

sér til baka þegar kólnar og ísinn leitar aftur inn. Núna komum við til baka á laugardag, rétt áður en þessi lægð skall á hérna megin. Það var farið að kólna talsvert á Grænlandi, farið að leggja á fjörðum á næturnar.“

Siglingin milli Grænlands og Ísafjarðar tekur milli einn og hálfan og tvo sólarhringa segir Sigurður, en helst skiptir máli hvar komið er að Grænlandi. Hann segir að siglingin milli Ísafjarðar og Kulusuk sé um tveir sólarhringar. – herbert@bb.is

# Betri rekstur hjá Ísafjarðarbæ

Rekstrarhagnaður Ísafjarðarbæjar nam 256 milljónum króna fyrstu sex mánuði ársins samanborið við 125 milljóna króna hagnað á sama tíma fyrir ári. Í tilkynningu frá Ísafjarðarbæ segir að hagnaður af rekstri hafi numið 123 milljónum króna fyrstu sex mánuði ársins samanborið við 123 milljóna króna tap á sama tímabili í fyrra. Sveiflan í afkomu nemur því um 250 milljónum króna og munar þar mest um vaxtagjöld sem hafa lækkað um

120 milljónir króna milli ára. Einnig hefur tekjuþróun verið sveitarfélaginu hagfelld á sama tíma og vel hefur gengið að halda kostnaði í skefjum.

Rekstraráætlun ársins gerði ráð fyrir 27 milljóna króna hagnaði þannig að reksturinn hefur nú þegar skilað 100 milljónum krónum meira en áætlanir ársins gerðu ráð fyrir. Tekjur sveitarfélagsins námu 1,6 milljarði króna á tímabilinu. Launakostnaður var 845 milljónir og annar rekstrarkost-

naður 473 milljónir sem svarar til 256 milljóna króna hagnaðs af rekstri.

„Framkvæmdir þessa árs hafa gengið vel, endurgerð gatna í Hnífsdal var stærsta einstaka framkvæmdin og er a mestu lokið. Að auki eru nú framkvæmdir við hjúkrunarheimili loksins að komast á fullt sem og framkvæmdir við ofanflóðamannvirki neðan Gleidharjalla,“ segir í tilkynningu.

– harpa@bb.is



# ÚTSALA SÍÐUSTU DAGAR

enn meiri verðlækkun af völdum vörum!



**ENN MEIRI  
VERÐLÆKKUN**  
VERÐ ÁÐUR 9.995  
NÚ **7.496 kr.**  
þú sparar: 2.499 kr



Electrolux  
**5 ÁRA  
ÁBYRÐ**  
30 DAGA  
SKILARETTUR

**ÚTSALA ÚTSALA**  
VERÐ ÁÐUR 92.900  
NÚ **73.990 kr.**  
þú sparar: 18.910 kr



**BLACK &  
DECKER**  
**ENN MEIRI  
VERÐLÆKKUN**  
VERÐ ÁÐUR 13.995  
NÚ **9.795 kr.**  
þú sparar: 4.200 kr



**ENN MEIRI  
VERÐLÆKKUN**  
VERÐ ÁÐUR 15.995  
NÚ **10.995 kr.**  
þú sparar: 5.000 kr

NILFISK

Polytex 10 ltr.  
Veggmalning innanhúss.  
7119970

Pvottavél Electrolux  
EWP1064TDW, 1000 snúninga, 6 kg.  
1805656

Rafhlöðuborvél 12V  
EPC12CAB 2 rafhlöður.  
5245999

Háþrýstidæla C105.6-5  
105bar, 5m slanga. 440ltr/klst.  
5254249

## LAGERHREINSUN 10% AUKAAFSLÁTTUR

**ALLT AÐ  
70%  
AFSLÁTTUR!**

10% AUKAAFSLÁTTUR AF VÖRUM Á LAGERHREINSUN



**HAUSTLAUKAR**  
**20%  
AFSLÁTTUR!**

Flísar • Hreinlætistöeki • Málningarvörur  
Parket Festingavörur • Verkfæri  
Fatnaður • Baðfyllgihlutir • Búsáhöld  
og margt fleira.

blómaval

HÚSASMÍÐJAN  
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956



Leikvöllurinn umdeildi.

# Besta lausn fyrir heildina

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að skiptar skoðanir séu um það innan bæjarins hvort þörf hafi verið á að breyta deiliskipulagi á Austurvegi vegna framkvæmda við leikvöll, en segir að kynning verksins hefði þurft að vera mun ítarlegri. Í minnisblaði bæjarstjóra sem lagt var fyrir fund bæjarráðs segir að kynning verksins hafi ekki verið í takt við það sem lagt var upp með. Aðspurður um það með hvaða hætti kynningin fór fram segir bæjarstjóri að upphafi eingöngu staðið til að færa leiktæki milli skólalóða.

„Samræðurnar voru þar af leiðandi fyrst og fremst, og nær eingöngu, við skólafyrirvöld og foreldrafélag grunnskólans. Þegar verkefnið þróaðist í mun umfangsmeiri framkvæmd með því

t.d. að breyta legu á götum og loka þeim, hefði ferlið þurft að vera formlegra og ítarlegra.“ Ekki verður ráðið að framkvæmdin hafi verið sérstaklega kynnt fyrir íbúum á svæðinu, en Áslaug Jensdóttir, íbúi við Austurveg 7, hefur sérstaklega gagnrýnt framferði bæjarins, og segir framkvæmdina hafa lokað aðgengi að bílskúr sínum.

Einnig segir í minnisblaðinu að það hafi verið mat bæjarins að ekki væri þörf á deiliskipulagsbreytingu vegna framkvæmdanna. „Það var niðurstaða þeirra aðila sem voru og eru með þetta

verkefni á sinni könnu fyrir hönd bæjarins að það þyrfti ekki að breyta deiliskipulagi. Um það hvort að það hafi verið rétt mat eru skiptar skoðanir m.a. innan Ísafjarðarbæjar,“ segir bæjarstjóri aðspurður um hver hefði framkvæmt þetta mat, og hvort það stæði enn í ljósi tillögu að breytingu á deiliskipulagi sem var til meðferðar á fundi bæjarstjórnar. Hann bendir á að aðkeyrslu Áslaugar hafi verið lokað með breytingu árið 2007, og því hafi aðgengi hennar ekki átt að versna við framkvæmdina. Einnig liggur fyrir að umrætt svæði

hefur frá sama tíma verið skilgreint sem skólalóð, og því ekki um breytingu á notkun að ræða.

„Eftir stendur þá hvort sú breyting að loka alfarið fyrir Austurveg sé háð deiliskipulagsbreytingu,“ en vegurinn hefur hingað til verið lokaður frá 8-16. „Þar hafa menn misjafnar skoðanir og sumir vilja meina að nægjanlegt sé að breyta lögreglusamþykkt, en aðrir að breyta þurfi deiliskipulagi.“ Daníel telur þó að þetta sé ekki meginmálið.

„Þegar öllu er á botninn hvolft, þá er það mitt mat að hvort sem þetta heitir breyting á deiliskipu-

lagi eða eitthvað annað þá viljum við vanda betur til verka. Hinsvegar verður það oft þannig, og það á við í þessu tilviki, að með því að stækka skólalóð gerum við það á kostnað annarra gæða. Ég get skilið að ekki séu allir sáttir um það, en þegar litið er til hagsmuna heildarinnar er þetta besta lausnin sem er í boði að mínu mati, þó þannig að ég tel að við verðum að koma betur til móts við þarfir Oddfellowa og það erum við að skoða. Við munum kynna þeim tillögur okkar í þeim efnum í næstu viku.“

– herbert@bb.is

## Segir breytingar á Austurvegi ekki óafturkræfar

Bæjarfulltrúar Í-lista í Ísafjarðarbæ lýstu yfir vonbrigðum sínum á síðasta fundi bæjarstjórnar með að ekki væri hægt að treysta því að starfsmenn bæjarins færu eftir eðlilegu verklagi. „Maður vill treysta því að verið sé að gera hlutina eins og á að gera þá,“ sagði Jóna Benediktsdóttir, bæjarfulltrúi Í-lista, en hún taldi að svo hefði ekki verið varðandi framkvæmdir bæjarins á Austurvegi. Hún sagði að ljóst væri að með því að ráðast í breytingu á deiliskipulagi núna væri gengist

við því að það hefði þurft að gera í upphafi málsins.

„Nefndarfulltrúar í umhverfisnefnd og bæjarfulltrúar í bæjarráði höfðu fullyrðingar formanns tæknisviðs að ekki væri ástæða til að auglýsa breytingar á deiliskipulagi vegna þeirra breytinga sem ráðast átti í,“ sagði Gísli H. Halldórsson, forseti bæjarstjórnar, „og þá á ég fyrst og fremst við lokun Austurvegar allan sólarhringinn. Þegar síðan í ljós kemur að uppi eru mismunandi hugmyndir um hvort það þarf að

auglýsa eða ekki, þá tekur umhverfisnefnd strax ákvörðun um að auglýsa. Í þessu máli hefði verið heppilegast að auglýsa fyrir ári síðan, en þá lá fyrir að við ætluðum að loka Austurveginum, en því miður var það ekki gert.“

Gísli benti á að verkið væri ekki fullunnið og að þær breytingar sem gerðar hefðu verið væru ekki óafturkræfar. „Það er ekkert því til fyrirstöðu að auglýsa núna, og taka síðan mark á þeim athugasemdum sem koma fram. Ef það kemur svo í ljós að

ekki sé hægt að loka Austurveginum, þá hættum við auðvitað við það, en ég hef ekki trú á að svo verði.“

Fulltrúar Í-lista settu spurningarmerki við þá staðhæfingu að ekkert væri óafturkræft við framkvæmdirnar. „Við erum auðvitað ekki að tala um neina Kárahnjúkavirkjun, en við erum að tala um kostnað upp á nokkrar milljónir. Þær verða ekki notaðar nema einu sinni, og getum við hent þeim út í loftið? Það held ég ekki,“ sagði Jóna.

### smáar

Hundabúr fyrir smáhund fæst gefins. Uppl. í síma 865 6478.

Til leigu í skemmri eða lengri tíma er nýuppgerð 2ja herb. íbúð 55 m<sup>2</sup> á Ísafirði í vetur. Ný húsgögn leigjast með. Uppl. í síma 867 6657 eða 892 9282.

Smáauglýsingasíminn er 456 4560. Ókeyps auglýsingar.

Sælkeri vikunnar er Sigríður Inga Elíasdóttir í Bolungarvík

## Kjúklingaréttur í ofni og skyrkaka

Ég ætla að bjóða lesendum Bæjarins besta upp á tvo rétti, annars vegar gómsætan kjúklingarétt og hins vegar ljúffenga skyrköku.

### Kjúklingaréttur

- 1 kjúklingur í bitum (Ég nota bringur)
- 3 dl. tómatsósa
- 3 tsk. karrý
- 1 msk. svartur pipar
- 1 tsk. salt
- 1/2 dl. sojasósa

Öllu blandað saman og helt yfir kjúklinginn.

Bakað við 200 gráður í 30 mínútur, svo er það tekið út og kjúklingnum snúið við og einum pela af rjóma helt yfir og eldað í 15 mínútur.

Borið fram með hvítlauksbrauði og fersku salati.

### Fjótleg skyrkaka

- 1 pakki LU Bastogne kex
- 1/2 ltr. rjómi

1 stór bláberja skyrdolla

LU Bastogne kex mulið í botninna á forminu, rjóminn stíff þeyttur og svo er rjómanum og skyrinu blandað saman, og sett yfir kexið að lokum er settur slatti af aðalbláberjum yfir.

Best er að láta hana bíða í ísskáp yfir nótt.

Ég skora á Guðrínu D. Guðmundsdóttir að koma með eitthvað gott í næsta blaði.



**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**



**NÝ SLÁTRAD** **FERSKUR HÁLFUR LAMBAHRYGGUR LUNDAPARTURINN** ISLANDS LAMB

**FERSKT 100% ISLENSKT** **1898** krónur kg

**NÝ SLÁTRAD** **FERSKT LAMBALÆRI** ISLANDS LAMB

**FERSKT 100% ISLENSKT** **1459** krónur kg

**Ísland** **Ferskt íslenskt af nýslátruðu**

**FERSK LAMBALIFUR** **NÝ SLÁTRAD** ISLANDS LAMB

**298** krónur kg

ISLANDS NAUT **3598** **FERSKT 100% ISLENSKT** krónur kg.

**ÍSLENSKT UNGNAUTARIBEY**

ISLANDS NAUT **1498** **FERSKT 100% ISLENSKT** krónur kg.

**ÍSLENSKT UNGNAUTAHAKK**

**FERSK LAMBAHJORTU** **NÝ SLÁTRAD** ISLANDS LAMB

**298** krónur kg

**NÝ SLÁTRAD** **Ali** **ALLI FERSKUR GRISABÖGUR** **695** **FERSKT 100% ISLENSKT** krónur kg

ISLANDS NAUT **2298** **FERSKT 100% ISLENSKT** krónur kg.

**ÍSLENSK UNGNAUTAPIPARSTEIK**

**FERSKUR 100% ÍSLENSKUR KJÚKLINGUR**

**759** krónur kg **KJÖRFUGL HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR**

**HAUST SLÁTRUN 2012** **K.S. FRÖSIÐ 1.FL LAMBASÚPUKJÖT** **759** krónur kg. **KG**

**KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR** **1998** krónur kg

**KG** **HAUST SLÁTRUN 2012** **98** krónur kg

**KG** **HAUST SLÁTRUN 2012** **2998** krónur kg

**Frosin lambalifur**

**Frosið lambafillet**

**FIMMTUD. OPIÐ 11:00-18:30**

**BONUS EKKERT BRUÐL**



**FIMMTUD. OPIÐ 11:00-18:30**



Sjöhæfir bátar Byggðasafns Vestfirðna sigla á Pollinum.

# Safnkostur Byggðasafnsins á siglingu

Fimm bátar í eigu Byggðasafns Vestfirðna sigldu saman á Pollinum í síðustu viku. Þarna voru á ferðinni Gestur frá Vigur, Hermóður frá Ögurvík, Jóhanna frá Dynjanda, Eljan frá Nesi og

Gunnar Sigurðsson frá Ísafirði. Bátarnir eru misgamli, sá elsti er smíðaður 1906 en hinn yngsti 1974. Verið er að taka bátana á land, en tækifærið var notað til að ná mynd af öllum bátunum

saman. „Það stendur til að gefa út bækling um bátakost safnsins, og þetta er liður í þeirri vinnu,“ segir Jón Sigurpálsson, forstöðumaður safnsins. Bæklingurinn verður gefinn út með stuðningi

Menningarráðs Vestfirðna, en fimmtán bátar eru í eigu safnsins. „Markmiðið er að sem allra flestir þeirra verði sjöhæfir,“ segir Jón, en auk þeirra fimm sem sigldu í gær er unnið að

viðgerðum á sjötta bátunum, Sædís frá Ísafirði. „Í framtíðinni siglum við bátunum á hátíðlegum stundum, bæjarbúum til yndisauka.“

– herbert@bb.is

## Flutningsjöfnunarstyrkir næsthæstir til Vestfirðna

Rétt tæplega fjórðungur flutningsjöfnunarstyrkja eru greiddir til vestfirskra fyrirtækja. Þetta kemur fram á vef Byggðastofnunar, en af tæplega 170 milljónum króna eru tæplega 40 milljónir greiddar til Vestfirðna. Skipting styrkjanna eftir landshlutum er ærið misjöfn, en rétt tæpar 100 milljónir runnu til fyrirtækja á Norðurlandi eystra á meðan fyrirtæki á Suðurnesjum fengu innan við fjórðung úr milljón. Styrkir til Vestfirðna eru næsthæstir eða 23% heildarstyrkjanna.

Styrkir af þessu tagi hafa ekki verið veittir áður hérlandis, en markmið þeirra er að styðja við framleiðsluþæfni og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, og eru í boði fyrir aðila sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar. Styrkirnir eru greiddir vegna kostnaðar við flutning á liðnu ári, en umsóknum styrki þarf að skila fyrir 31. mars ár hvert. Í ár bárust umsóknir frá 63 aðilum. 58 umsóknir voru samþykktar, en átta synjað.

– herbert@bb.is

## Fjárskortur hjá kirkjugörðum

„Við þurfum sennilega að endurskipuleggja þetta einhvern veginn,“ segir Magnús Erlingsson sóknarprestur á Ísafirði, en illa gengur að finna kirkjugarðsvörð í hlutastarf. „Vegna auraleysis höfum við ekki getað haft þetta fulla stöðu undanfarið, heldur aðeins 40%, en það hefur verið mikill niðurskurður á tekjum kirkjugarðanna,“ segir hann. Vegna bágrar stöðu ríkissjóðs er

um þriðjungi þess fjár sem eyrna-merktur er rekstri kirkjugarða haldið eftir til annarra nota. „Það er afskaplega erfitt fyrir okkur hjá kirkjunni að segja „það má ekki skera niður herna“ þegar verið er að skera niður alls staðar. Við sjáum nú bara hvernig hefur verið skorið niður á Landspítalanum,“ segir sr. Magnús. Á sumrin er þörf á aukafólki til að slá gras og sinna umhirðu í

görðunum og segir sr. Magnús erfitt að spara í þeim málum. Því þurfi að skera meira niður yfir vetrartímamann. „Við höfum verið með bráðabirgðalausn að undanfögnu og fengið menn sem eru okkur velviljaðir til að hlaupa í skarðið, en við þurfum að finna önnur ráð. Í ástandinu sem nú er þarf fólk auðvitað fullt starf til að láta enda ná saman.“

– herbert@bb.is

## Hending krefst svara

Hestamannafélagið Hending hefur falið Málflutningsstofu Reykjavíkur að fylgja eftir deilum félagsins við Ísafjarðarbæ vegna aðstöðumissis félagsins að Búðartúni í Hnífsdal. Svæðið var lagt undir framkvæmdir við Óshlíðargöng, og hefur ekki verið bætt. Í bréfi frá Daníel Isebarn Ágústssyni, lögmanni hjá stofnunni, segir að umbjóðandi hans telji samningaleiðina fullreynda, og tímabært að vísa því til úrlausnar óháðs aðila. Í bréfinu koma fram spurningar til bæjaryfirvalda um lagaheimildir sem

hafi verið til grundvallar aðgerðunum, auk þess sem farið er fram á öll gögn bæjarins í tengslum við málið. „Vonandi leysist þetta nú með samningum,“ segir Daníel aðspurður hvort um sé að ræða formála að lögsókn. „Ég get ekkert sagt um hvort þetta endar með dómsmáli eða ekki.“ Spurningarnar segir hann helst snúa að því að fá á hreint á hvaða laga-grundvelli bærinn svipti leigusamningi við hestamannafélagið, en að óljóst sé hver lagaleg afstaða bæjarins til framkvæmdar-

innar sé. „Ég held að það sé alveg ljóst að bærinn beri í öllum tilvikum bótaskyldu.“ Á fundi bæjarráðs á mánudag var bréfinu vísað til bæjarlögmanns, Andra Árnasonar, en í bréfinu er svara krafist innan tveggja vikna. Margar fyrri bókanir bæjaryfirvalda vegna málsins hafa verið meðhöndluð sem trúnaðarmál á fundum, en svo var ekki í þetta skiptið. Aðspurður segir Daníel eðlilegt að bréfið sé opinbert. „Það er eðlilegt að þetta sé ekki í neinni trúnaðarbók, enda ekkert í þessu sem þarf að fara leynilega.“



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð vegna andláts föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

**Hans Aðalsteins Valdimarssonar**  
frá Miðhúsum

Sérstakar þakkir til starfsfólks sjúkrahússins á Ísafirði og starfsfólks heimahjúkrunar, fyrir frábæra alúð og hlýju í hans garði.

Dætur, tengdasynir, barnabörn og barnabarnabörn.



# SMARTNET

færir þér

# OFSAHRAÐA

á netinu í glimrandi háskerpu

Hnífsdalur - Flateyri - Suðureyri - Ísafjörður\*

Snerpa býður upp á Smartnet háhraðatengingar með allt að 70 Mb/s niðurhraða á sínu þjónustusvæði\* ásamt því að veita aðgang að yfir 100 sjónvarpsstöðvum og 14 HD rásum í samstarfi við Vodafone.

**NÝTT!**

Nú bjóðum við einnig upp á Ljósnet tengingar\*\* í Holtahverfi, Bolungarvík og á öðrum stöðum þar sem Ljósnetið er í boði.

## Verðlisti fyrir Smartnet og Ljósnet

10 GB Kr. 3.990 p. mánuð	20 GB Kr. 4.990 p. mánuð	40 GB Kr. 5.990 p. mánuð	100 GB Kr. 7.990 p. mánuð	250GB Kr. 11.490 p. mánuð
--------------------------------	--------------------------------	--------------------------------	---------------------------------	---------------------------------

\* Þjónustusvæði Smartnets er Eyrin, efri bær að Miðtúnsbrekku, Hnífsdalur, Flateyri og Suðureyri.

\*\* Ljósveita Mílu. Allt að 50 Mb/s niðurhraði.



NÁNARI UPPLÝSINGAR Á [SMARTNET.IS](http://SMARTNET.IS)

# Hlutfallslega flestir innflytjendur búsettir á Vestfjörðum og Suðurnesjum

Erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað á milli ára í fyrsta sinn frá árinu 2008 og eru þeir nú um 6,7% mannfjöldans. Langflestir innflytjendur eru búsettir í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu en hlutfallslega búa flestir á Vestfjörðum og á Suðurnesjum miðað við íbúafjölda eða 12%. Úpphafi árs var tíundi hver íbúi á höfuðborgarsvæðinu af erlendum upp- runa og á milli 8-9% íbúa Vesturlands, Austurlands og Suðurlands. Fæstir innflytjendur er hlutfallslega á Norðurlandi vestra og eystra eða 4-5% íbúa. Tveir af hverjum þremur innflytjendum, að börnum þeirra meðtöldum, eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu, eða tæplega 19.500 einstaklingar af 29.130. Frá þessu er greint í skýrslu um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi sem Fjölmenningsráðið á Ísafirði hefur tekið saman.

Næst fjölmennastir eru þeir á Suðurnesjum þar sem tæplega tíundi hver innflytjandi er búsett-

ur og á Suðurlandi þar sem búa tæplega 7%. Í Tálknafjarðarhreppi er rúmlega fimmti hver íbúi af erlendum upp- runa. Í byrjun árs voru allt að því jafnmargar konur og karlar með erlent ríkisfang búsett á landinu. Það er mikil breyting frá því í byrjun árs 2008 þegar yfir 5.000 fleiri erlendir karlar en konur voru búsettir hér. Í byrjun árs voru innflytjendur 25.926 talsins og 29.130 ef börn þeirra sem fædd eru á Íslandi eru talin með. Það þýðir að 9,1% landsmanna er annaðhvort innflytjandi eða af annarri kynslóð innflytjenda.

Af einstaka ríkjum koma flestir erlendu ríkisborgararnir frá Póllandi, 9.363 einstaklingar í byrjun árs 2013, sem gerir 44% allra erlendra ríkisborgara á Íslandi. Pólverjar eru 3% landsmanna. Erlendir ríkisborgarar eru u.þ.b. 8% af vinnuafliinu í landinu. Þó er tæplega fimmti hver einstaklingur á atvinnuleysiskrá með erlent ríkisfang. Pólverjar

voru 56% allra útlendinga á atvinnuleysiskrá í júní 2013 en atvinnuleysi meðal Pólverja er í kringum 15% samanborið við 4% atvinnuleysi meðal Íslendinga.

Gróflega má áætla að erlendir ríkisborgarar skili töluvert meira

í ríkiskassann en þeir fá úr honum miðað við tölur frá Ríkisskattstjóra en erlendir ríkisborgarar með skattalega heimilisfesti á Íslandi greiddu tæplega 10 milljarða króna í skatta á síðasta ári. Frá aldamótum hefur fjöldi

leikskólabarna með erlent ríkisfang sjöfaldast. Ellefu af hundræði leikskólabarna eru með erlent móðurmál. Fjöldi barna með erlent móðurmál í grunnskólum landsins hefur sjöfaldast frá árinu 2007.

## Fækkað um ríflega fjórðung frá 1992

Frá árinu 1992 hefur íbúum landsins fjölgað um tæp 23%, en fækkað á Vestfjörðum um tæplega 27%. Þetta kemur fram í gögnum sem Bygðastofnun kynnti nýlega, en þar er miðað við mörk sveitarfélaga eins og þau eru í dag. Í lok árs 1992 voru 8.850 íbúar á Vestfjörð-

um, en í dag eru 6.513 íbúar í átta sveitarfélögum. Minnst er fækkunin í Tálknafjarðarhreppi, eða 20%. Í Árneshreppi hefur íbúum fækkað um helming, úr 109 íbúum niður í 54. Fjöldinn er mestur í Ísafjarðarbæ, þar sem fækkunin er tæplega 23%, en það eru um 1100 manns.

Í átta sveitarfélögum hefur íbúum fækkað um meira en 30%, en fjögur þeirra eru á Vestfjörðum. Í þremur hefur fækkunin verið yfir 40%, og tvö þeirra eru á Vestfjörðum. Hvergi hefur fólksfækkun verið meiri en í Árneshreppi.

— herbert@bb.is



## ÍSAFJARÐARBÆR

### HAFNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR

Óskað er eftir hugmyndum um snjómokstur á hafnarsvæði Ísafjarðarbæjar á Ísafirði. Um er að ræða tilraunaverkefni til áramóta. Gera skal grein fyrir hverskonar tæki viðkomandi hugsar sér að nota við snjómoksturinn og tímagjald á viðkomandi tæki með manni.

Nánari upplýsingar gefur hafnarstjóri í síma 450 8081. Hugmyndum skal skilað inn fyrir kl. 12:00, föstudaginn 4. október næstkomandi.

**Hafnarstjóri.**



Einar og Barbara hafa rekið Efnalaugin Albert í 16 ár.

## Lítið um íslenska ferðamenn

Einar Gunnlaugsson og eiginkona hans Barbara, hafa rekið Efnalaugin Albert á Ísafirði frá árinu 1997 eða í sextán ár. Til að byrja með var starfsemin í leiguhúsnæði við Pollgötu en undanfarin ár hefur starfsemin verið í mun stærra húsnæði við Sindragötu. Einar segir að ágætlega hafi gengið í ár en sumaríð hafi verið með því lakara sem hann rekur minni til. „Allir sem hafa verið í föstum viðskiptum eru áfram en hafa minnkað viðskiptin. Svo sá ég nánast ekkert af íslenskum ferðamönnum í sumar en fram að því hafa þeir komið til að fá þvegið af sér og verslað eitt og annað. Straumur erlendra ferða-

manna var þó svipaður og áður,“ segir Einar.

Árið 2004 gerði Efnalaugin Albert samning um rekstur þvottahúss fyrir Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og gildir sá samningur enn. Einnig þjónustar Efnalaugin önnur fyrirtæki. Aðspurður hvort þau hafi hug á að stækka við sig segir Einar það sífellt í skoðun en ekkert hafi verið ákveðið. „Þegar kreppan skall á árið 2007 kom smá strik í reikninginn hvað varðar stækkun. Við ákváðum að halda okkar striki og það hefur gengið vel. Við erum líka með töluvert af gjafavörum sem er vinsæl, sérstaklega fyrir jólin. Crabtree & Evelyn vörurnar höfum

við verið með í miklu úrvali nánast frá upphafi og þær eru sívinsæl,“ segir Einar.

„Flestir hér vita af okkur og svo fréttist alltaf á milli aðila, til dæmis hafa rekstraraðilar samkomusala á svæðinu verið duglegir að benda á okkur,“ segir hann. Það sem kannski ekki allir vita af er að efnalaugin leigir út dúka og borðbúnað.

Einar segir leiguna ganga vel og dúkar fari út nánast í hverri viku. Þau geti dekkjað borð fyrir um 1500-2000 manns í einu, svo nóg er til. Mest er að gera í dúka- leigunni í kringum fermingar, yfir hásumarið þegar brúðkaupsvertíðin stendur sem hæst.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu

### Maríu Sigríðar Bjarnadóttur

Sérstakar þakkir til starfsfólks sjúkrahússins á Ísafirði

Hólmberg Guðbjartur Arason  
og aðrir ástvinir



Áletrun og fótspor í steyptri skábraut við Ísafjarðarhöfn.

## Hrekkur á höfninni?

„Ég hugsaði hvort það væri skynsamlegt að skilja einhvern eftir til að vakta þetta,“ segir Garðar Sigurgeirsson hjá Vestfarskum verkötökum um skábraut sem steyppt var í Ísafjarðarhöfn, en hún fékk ekki að vera lengi í friði. Í steypunni eru nú fótspor og áritun. „Þetta er fyrst og fremst leiðinlegt, að þurfa að skila þessu svona. Í sjálfu sér hefur þetta ekkert áhrif á notkun brautarinnar. Við náttúrulega reynum að laga þetta með steypuviðgerð, en þetta verður alltaf sýnilegt og aldrei jafn gott. Þetta er út úr, og það þarf að hafa svólítið fyrir því að gera þetta.“

Skemmdarverk af þessu tagi voru lengi algeng á Ísafirði, en Garðar segir það hafa breyst. „Ég myndi segja að þetta hafi verið mjög lítið áberandi undanfarið ár. Við höfum getað verið með þetta í friði undanfarið.“ Þó auðvelt sé að draga þá ályktun að áletrunin sé sterk vísbending um það hver beri ábyrgðina er Garðar ekki sannfærður. „Þetta gæti verið hrekkur hjá einhverjum. Það er vonandi að sá sem gerði þetta taki það svólítið inn á sig.“

## Enginn kvenkyns lækur hjá Hvest

Tveir kvenkyns heilsugæslulæknar sem hófu störf við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í sumar, hafa báðir látið af störfum. Inga Lára Ingvarsdóttir var ráðin til sumarafleysinga og Sólveig Helgadóttir réði sig til eins ár, eða fram á næsta vor. Að sögn Þrastar Óskarssonar, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, er Sólveig í veikindaleyfi og reiknar hann ekki með að hún komi aftur til starfa. Sólveig vildi ekki tjá sig um málið þegar BB hafði samband við hana.

Þróstur segir þrjá lækna starfa við stofnunina og sú staða hafi nokkrum sinnum áður komið upp. Þrjú lækur dugi en áskjósanlegra sé að hafa fjóra lækna. Greina mátti ánægju meðal íbúa svæðisins að hægt væri að leita til bæði kvenkyns og karlkyns lækna en langt er síðan tverkonur hafa starfað á sama tíma við stofnunina sem lækur.



## Tækifærin í Ögri nánast óendanleg

Að sögn Halldórs Halldórs-sonar, eins af eigendum Ögurtravel í Djúpi, er fyrirtækið á ákveðnum krossgötum í ár, en fyrirfram var ákveðið að eftir þrjú sumur yrði farið í endurmat. Núna þegar þriðja sumarið er að baki hafa þau Ögur-systkinin ákveðið að halda ótraud áfram og segja tækifærin nánast óendanleg. Í upphafi sumars voru veðurguðirnir að stríða ferðapjónustunni í kajakferðum og minni eftirspurn var eftir ferðum miðað við sama tíma í fyrra. Síðan rættist úr sumrinu og reksturinn

gekk ágætlega.

„Það var meira að gera í veitingasölu en árið á undan en þetta var annað árið með veitingahús opið í samkomuhúsinu. Ferðirnar eru okkar aðalverkefni. Í gönguferðum var minna að gera en 2012 og 2011 en þetta var þriðja árið okkar með gönguferðir og kajakferðir með leiðsögn. Í kajakferðunum var meira að gera í lengri ferðum, fjögurra og fimm daga ferðum um Ísafjarðardjúp og Jökulfirði, en minna í dagsferðum,“ segir Halldór.

„Við erum þess fullviss að

veðrið hafði áhrif á dagsferðirnar því þar eru ákvarðanir um að fara teknar með minni fyrirvara og byggist mjög mikið á veðrinu þann daginn. Við erum mjög ánægð – okkur finnst þetta virkilega skemmtilegt en starfsemin er auðvitað að mestu takmörkuð við sumarið. Tækifærin í því að stækka tengjast lengri viðveru, hugsanlega því að bjóða upp á gistingu og slíkt. Við höfum engar slíkar ákvarðanir tekið,“ segir hann.

Meðal þess sem Ögurtravel býður upp á eru sérferðir sem bera heitið *Slóðir minninganna*.

Tekið er á móti gestum í Ögri, gengið í reykkofo og hjall sem þar er og kynntar verkunaraðferðir við reykingu og hákarlsverkun. Þá er farið í kirkju og farið yfir sögu jarðarinnar og svæðisins. Endað er í kaffi eða mat í gamla samkomuhúsinu. Líka eru sérferðir í boði þar sem gestir ráða för og lengd ferðar.

Farið er í ævintýraferð, gist í tjaldi eða á eyðibýli og getur þar verið um kajakferð eingöngu að ræða eða gönguferð eingöngu eða hvort tveggja.

– harpa@bb.is



**Fermingarveislur  
á Hótel Ísafirði**

Smáréttaborð, kaffihlaðborð,  
heitar súpur eða heitir réttir á hlaðborði

Fallegir dúkar og servíettur, rúmgóður og bjartur salur

Leiga á sal, dekkningar,  
þjónusta og frágangur er innifalinn

Láttu fagfólk sjá um veisluna og njóttu dagsins

Upplýsingar í síma 456 4111

VIÐ POLLINN  
Veitingar á Hótel Ísafirði

<b>HÁDEGISVERÐARTILBOÐ Á HÓTEL ÍSAFIRÐI</b> <b>Föstudagur</b> á Hótelinu. Á morgun er samlokudagur, þrjár tegundir af samlokum á kr. 1900.	<b>Klippikort</b> í hádegismat, fjórða hvert skipti er frítt. Gildir til 15. nóvember
--	--

# Vilja yfirlit yfir allar ákvarðanir vegna breytinga á Austurvegi



## Skæralyfta

Til sölu er handtjökkuð skæralyfta. Lyftihæð 800 mm. Lyftiget 1000 kg. Gaffallengd 1150 mm.

Verð kr. 70.000.- Uppl. gefur Halldór í síma 894 6125 og 456 4560.

## smáar

Til sölu er þvottavél (12 ára) og þurrkari (eldri). Selst saman á kr. 37.000. Bæði í góðu standi. Áhugasamir hafi samband í síma 892 5362.

Tapast hefur hleri af kerru, líklegast í Skötufirði. Finnandi hafi samband við Pál Sturlaugsson í síma 893 8221.

Hef til sölu Kollsvíkurett, Hæstaréttadóm frá 1920-1980, Sléttuhrepp, Hornstrendingabók og Strandamannasögu og æviskrár Strandamanna. Upplýsingar í síma 557 7957.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu bæjarfulltrúa Í-listans í bæjarstjórn þess efnis að bæjarstjóri taki saman yfirlit yfir allar ákvarðanir sem teknar hafa verið vegna hönnunar og framkvæmda á Austurvegi og við Austurvöll, allt frá samþykkt fjárhagsáætlunar í desember 2012 til dagsins í dag. Einnig skal þar koma fram hvenær fjallað var um málið í nefndum og ráðum bæjarins og hvenær einstaka ákvarðanir voru teknar og hver tók þær. Í greinargerð sem fylgdi tillögunni segir:

„Margt virðist hafa farið úrskaiðis við hönnunar- og framkvæmdaferli nýrrar skólalóðar við Grunnskólann á Ísafirði og ljóst má vera að þar hefur í ýmsu tilliti verið farið á svig við reglur um góða stjórnýslu. Um er að ræða framkvæmd sem gjörbreytir

umferð og aðgengi í miðbænum.

Nefna má að minnsta kosti þrjú atriði sem bæjarfulltrúar Í-lista telja ámalisverð. Hönnun lóðarinnar var ekki tilbúin það tímanlega að hægt væri að vanda til verka eins og nauðsynlegt er við breytingar af þessu tagi og benda má á að bæjarfulltrúar Í-lista lýstu áhyggjum sínum af seinagangi þessa máls á flestum bæjarstjórnarfundum á síðasta ári. Endanlegar teikningar voru ekki lagðar fyrir bæjarstjórn eða bæjarráð og verið var að gera breytingar á þeim eftir að framkvæmd var hafin. Ekki var auglýst breyting á deiliskipulagi áður en framkvæmdir hófust og því gafst hagsmunaaðilum ekki formlegt tækifæri til að gera athugasemdir eins og þeir hafa rétt á þegar verið að gera breytingar á aðgengi eða umferð.



## Loka þurfti Austurvegi til að setja leikvöllinn niður, en framkvæmdin fór ekki í grenndarkynningu.

Umhverfisnefnd samþykkti hins vegar á fundi sínum þann 21. ágúst að auglýsa breytingu á deiliskipulagi en þá voru framkvæmdir langt komnar. Nauðsynlegt er fyrir bæjarstjórn að gera sér grein fyrir hvað fór úrskaiðis í þessu ferli og því óskar

Í-listinn eftir minnisblaði/yfirliti frá bæjarstjóra um hönnunar og framkvæmdaferlið þar sem fram koma hvenær ákvarðanir voru teknar og af hverjum, hvenær mál voru lögð fyrir nefndir bæjarins og dagsetningar umfjöllunar og ákvarðana.“ – harpa@bb.is

# Leikvöllur settur upp í skjóli nætur

Áslaug Jóhanna Jensdóttir, íbúi að Austurvegi 7 á Ísafirði, segist ekki skilja hverju það eigi að skila að hægja á framkvæmdum við Austurveg. „Þeir eru búnir að vera að með allskonar látum á undarlegustu tímum, sem kemur sér ekki vel fyrir gistingu,“ en hún rekur gistiheimili í næsta nágrenni við skólalóðina sem verið er að stækka. „Ég er ekkert að fara neitt dýpra en svo að réttur

fólks sé virtur,“ segir hún, en í minnisblaði bæjarstjóra þar sem málið er reifað kemur fram að bærinn hafi ekki metið sem svo að þörf væri á deiliskipulagsbreytingu. Þó segir í minnisblaðinu að kynna hafi átt framkvæmdina fyrir íbúum.

„Það voru engar auglýsingar, og þetta fór ekki í grenndarkynningu. Ef þetta hefði ekki verið um hásumar, þá væri þetta gert í

skjóli nætur. Þeir eru aðallega búnir að vera að vinna á skrifnum tímum, þegar aðrir eru í frí, um helgar og á kvöldin.“ Áslaug gerir athugasemd við að óvenju margt hafi verið bókað til trúnaðarmála í fundargerðum bæjarins undanfarið, og segir að það torveldi fólki að átta sig á hlutum.

Framkvæmd bæjaryfirvalda hefur orðið til þess að Áslaug kemst ekki að bílskúr sínum, en

aðkeyrslan er á svæðinu sem lokað hefur verið vegna leikvallarins. Áslaug hefur kært þessa ráðstöfun, enda hafi götunni verið lokað án nokkurrar kynningar. Einnig segir hún að það sé tvímælalaust viðurkenning á því að breyta hefði þurft deiliskipulagi fyrir framkvæmdina að hún sé lögð fram núna, en veltir jafnframt fyrir sér hvornig það virki að breyta skipulagi eftir.

# Teigsskógur og skynsemi(sskorturinn)

Vestfirðingar eiga langt í land að samgöngur innan héraðs verði viðunandi. Margt gott hefur verið gert og ber að þakka. Vestfjarðagöng og Bolungarvíkurgöng eru mikilvægir áfangar og gagnast vel. Vegurinn um Ísafjarðardjúp er góður og mikil bót að því að hafa alvöru slitlag alla leið til Reykjavíkur og annarra staða. Brú yfir Mjóafjörð og nýr vegur inn Ísafjörð eru til fyrirmyndar. En af hverju þá að vera ræða samgöngumál ef allt er orðið svona gott? Lengi má gott bæta, en hinu má ekki gleyma að samgöngur til Suðurfjarða Vestfjarðakjálkans og þaðan til Ísafjarðar eru ekki í samræmi við kröfur á tuttugustu og fyrstu öldinni. En nú er unnið stórvirki í Kjálkafirði, ný brú og vegagerð því tengd. En það sem vantar er að klára dæmið í Barðastrandarsýslum. Austan megin vantar talsvert á að laga vegina. Losna þarf við hálsana, Hjallaháls og Ódrjúgsháls. Þeir eru til mikilla vandræða fyrir umferð, einkum á vetrum. Það sorglega er að auðvelt er á tiltölulega einfaldan hátt að bæta úr. Af hverju er það ekki gert?

Einfaldasta, ódýrasta og besta lausnin er fólgin í því að leggja veg um og yfir firði og losna þannig við að fara yfir áðurnefnda hálsa. Það er ekki gert og strandar á því að ekki hefur fengist fram

vilji og nauðsynleg leyfi til þess að leggja veg um Teigsskóg. En hvað veit hinn almenni borgari um Teigsskóg? Hversu stór er hann og hverjir hafa svo mikla hagsmuni af því að þar verði ekki lagður ódýr, góður og öruggur vegur sem þjóna mun bæði íbúum Vestfjarða og ferðamönnum? Vegurinn mun einnig verða drjúgt innlegg í framkvæmd hugmyndar um hringveg um Vestfirði. Sagt er að náttúruverndarsjónarmið ráði. Gott og vel. Er hægt að fá nánari útlistun á því og hver mælikvarðinn er notaður til þess að vika augljósum hagsmunum almennings til hliðar? Fréttamenn hins ríkisrekna fjölmiðils hafa staðið sig lakar í því að upplýsa um þessi atriði, en að dásama Evrópusambandið, sem vissulega hefur bæði kosti og galla. En fréttamennska sem í einni útgáfunni tekur bara til kosti og annarri bara til galla í stað þess að fara yfir allt svið umfjöllunarefnis og segja þannig frá að sá sem meðtekur fréttir eigi þess kost að veða og meta sjálfur ástæður og aðstæður er einfladlega ekki nógu góð. Hún er hreint út sagt vond.

Hvernig væri að upplýsa um eigendur þeirra lóða og jarða sem snúast gegn vegarlagningu og í leiðinni búsetu þeirra og leggja mat á hagsmuni þeirra á annan veginn og almennings á hinn veginn? Þá mundi almenningur og vegnotendur kannski skilja um hvað málið snýst.

## Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í Bæjarins besta í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum Stakks á meðan hann notar dulnefni sitt.

# Lausnar leitað á Austurvegi

Hægt verður á framkvæmdum á Austurvegi meðan lausna er leitað á skipulagi svæðisins sem allir hagsmunaaðilar geta unað við, að því er segir í svari Daníels Jakobssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, við fyrirspurn Í-listans vegna skólalóðar á Austurvegi. Gert er ráð fyrir að tillaga um skipulagið verði kynnt í vik-

unni. Í fyrirspurninni, sem Jóna Benediktsdóttir og Sigurður Pétursson, bæjarfulltrúar, sendu bæjarráði voru gerðar athugasemdir við seinagang í hönnun og framkvæmd verksins, að endanlegar teikningar hefðu ekki verið lagðar fyrir bæjarstjórn eða bæjarráð, og að framkvæmdir hafi hafist áður en breyting á

deiliskipulagi hafi verið auglýst og hagsmunaaðilum því ekki gefist lögbundið tækifæri til að gera athugasemdir.

Í svari bæjarstjóra er tekið undir að verkið hefði tafist fram úr hófi, en megin orsök þess telur hann vera að önnur verkefni hafi tekið forgang. Einnig hafi opnun fimm ára deildar, á efri hæð í

Sundhöll Ísafjarðar, aukið álag á starfsmenn bæjarins. Teikningar hafi vissulega farið fyrir bæjarráð, og ekki hafi verið gerðar stórvægilegar breytingar á þeim frá því. Loks segir í svarinu að mat bæjarins hafi verið að ekki þyrfti að fara í deiliskipulagsbreytingar vegna framkvæmdarinnar, þar sem verið væri að

færa lóðina nær því skipulagi sem var í gildi.

Óljóst er hvort það mati standi, en umhverfisnefnd hefur lagt til við bæjarstjórn að auglýsa breytt deiliskipulag á svæðinu. Megin breytingin er lokun Austurvegar, en gatan er nú þegar lokað á skólátíma.

– herbert@bb.is

## „Þarna voru gerð mistök“

„Þetta er heiðarlegt svar, og ekkert verið að vika sér undan því að þarna voru gerð mistök,“ segir Sigurður Pétursson, bæjarfulltrúi, um svör Daníels Jakobssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, við fyrirspurn Sigurðar og Jónu Benediktsdóttur vegna skólalóðar, en þau gerðu í fyrirspurninni athugasemdir við framkvæmdir bæjarins á Austurvegi. „Auðvitað má skrifa það að hluta

á tímaskort og offors, eða óvandadan undirbúning málsins.“ Meðal þess sem kemur fram í svarinu er að það hafi ekki verið mat bæjarins að breytingu á deiliskipulagi þyrfti vegna framkvæmdarinnar.

„Mat bæjarins er svolítið skritin setning. Mat hvers? Var þetta mat bæjarstjóra, sviðsstjóra, eða sameiginlegt mat beggja? Þeir ættu samt báðir að vita betur

miðað við núgildandi skipulagslög. Við eigum eftir að fá skýringar hjá bæjarstjóra á þessum orðum á næsta bæjarstjórnarfundi.“ Austurvegi var lokað á skólátíma fyrir nokkrum árum, en þá var samþykkt breyting á deiliskipulagi. Sigurður segir að það hafi verið klár skilningur á þeim tíma að Austurvegi yrði ekki lokað að fullu á grundvelli þeirrar samþykktar, enda hafi

viðbrögð íbúa við þeirri tillögu verið afar neikvæð.

Í kjölfar kæru gegn bæjaryfirvöldum vegna framkvæmdarinnar hefur tillaga til breytingar á deiliskipulagi verið lögð fram, og er hún til umfjöllunar á næsta bæjarstjórnarfundi, á fimmtudaginn. „Ég myndi túlka þetta þannig að mat bæjarins, eins og það er kallað þarna, hafi verið rangt, og að þeir sem mátu þetta þannig

hafi þá séð að sér.“ Eins þykir Sigurði umhugsunarvert að endanlegar teikningar af lóðinni hafi ekki verið bornar undir umhverfisnefnd og bæjarstjórn. „Hann segir að það hafi ekki verið gerðar stórvægilegar breytingar. Það voru gerðar breytingar, sem ekki fóru í gegnum eðlilega umræðu,“ segir Sigurður Pétursson, bæjarfulltrúi Í-listans í Ísafjarðarbæ.

– herbert@bb.is

## Lokahóf BÍ/BolungarvÍkur

laugardaginn

28. sept kl. 23-3

1.500 kr

Hljómsveitin DIXON  
í Edinborgarsal



**ATH**

**Boltatilboð í allan vetur:**

Ost- og beikonburger

með frönskum og

bernaise sósu 1.700 kr

með stórum Pólar 2.300 kr

Stór Pólar á dælu 700 kr

meðan á leik

stendur



Edinborg  
Bistro - Café - Bar



# Vestfirðingur vikunnar

## er Guðný Stefania Stefánsdóttir bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ

### Hvað ertu að gera þessa dagana?

Er að byrja að vinna í grunn-skólanum eftir langt og yndislegt fæðingarorlof.

### Hvaða fjögur orð lýsa þér best?

Ákveðin, stríðin, fljótfær, hress.

### Hvernig færðu útrás fyrir gremju?

Mér finnst gaman að hreyfa mig.

### Í hvernig klæðnaði líður þér best?

Ípróttafötunum mínum.

### Hver er mesta eftirsjá þín í lífinu?

Ég sé eftir hinu og þessu en það er ekkert sem poppar upp í augnablikinu.

### Hver er óvenjulegasta lífsreynsla sem þú hefur lent í?

Ég hef greinilega ekki lífað nægilega viðburðarríku lífi þannig að það kemur ekkert svo óvenjulegt upp í huga minn. En ég þurfti að fara í Nýrnasteinbrjótinn Mjölni tvisvar sinnum í vor og það var frekar skrýtið að liggja þarna í vatnsbaði og fá högg upp í bakið á mér – 6000 sinnum. Ekki þægilegt.

### Hefurðu kompleksa?

Ætli það sé ekki að vera með vanvirkan skjaldkirtil og þar af leiðandi að vera ekki í kjörþyngd.

### Hver er besta kvikmynd allra tíma?

Engin sérstök en ég elska gamlar myndir og það er ein sem ég hef horft á oftar en ég get talið og hún heitir Seven brides for seven brothers – fæ aldrei leið á henni.

### Hvernig Facebook-týpa ertu?

Like-ari sem elskar Candy Crush.

### Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Örugglega fullt af hlutum en núna fer í taugarnar á mér hversu hægt gengur að klára framkvæmdir á mínu heimili.

### Hefur þú gert uppreisn?

Já ég var um 5 ára gömul, átti heima á fæðingarstað mínum, Vestmannaeyjum og var ósátt við foreldra mína. Fór og náði mér í kex og djús og ætlaði að strjúka að heiman. Svo var ekki gott veður þannig að ég fór bara inn á

### Nafn:

Guðný Stefania Stefánsdóttir

### Aldur:

36

### Atvinna:

Ípróttafraeðingur að mennt og starfa sem ípróttakennari við Grunn-skólann á Ísafirði og er bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ

### Stjörnumerki:

Meyja

### Maki:

Jón Hálfán Pétursson ípróttafraeðingur og knattspyrnuþjálfari

### Börn:

Stefán Freyr, Pétur Þór og Hálfán Breki



bað og faldi mig bakvið þvottakörfuna. Beið mjög lengi, að mér fannst og skildi ekkert í því af hverju enginn fór að leita af mér. Ég gafst upp og kom reið fram. Mamma hafði ekki einu sinni tekið eftir því að ég hefði „strokið“, var í einhverjar 5 mínútur inn á baði.

### Hver er eftirlætis bókinn?

Það er ein bók sem ég las

í menntaskóla og átti alltaf stað í hjarta mínu aldrei hefði mig grunað að svo myndi ég eignast maka frá þessum slóðum og flytja svo á staðinn. Bókin er Dauðamenn eftir Njörð P. Njarðvík.

### Áttu þér óuppfylltan draum?

Eigum við það ekki öll. Mig langar að keyra Route 66 og svo er mín heitasta ósk að fara til Ástralíu og þá helst í Ramsay-street. Ég var algjör

Nágranna fíkill og horfði frá upphafi – er eiginlega bara nýhætt að horfa – gefst ekki alveg tími fyrir það með þrjú púka.

### Hvernig bregstu við höfnun?

Það er erfitt en ég hef þroskast með árunum.

### Hver er þín versta martröð?

Að missa einhvern nákominn of snemma frá mér.

### Hvert er helsta takmark þitt

### í lífinu?

Lifa lífinu lifandi og hafa gaman að því. Koma drengjunum mínum til manns og sjá þá blómstra í lífinu.

### Hvenær og hvar ertu hamingjusömust?

Í faðmi fjölskyldunnar.

### Hver er besta setning eða orðtak sem þú hefur heyrt?

Æfingin skapar meistarann.

### Hvaða fræga persónu myndir þú vilja vera og af hverju?

Ég er bara rosa ánægð að vera ég en kannski til í að prófa að vera Jennifer Aniston í einn dag eða svo til tékka á því hvernig er að vera svona frægur.

### Hvar er fallegast á Vestfirðum að þínu mati?

Aðalvík, ekki spurning. Yndislegt að vera í Þverdal og hlusta á þögnina og allir önnum kafnir við leik og störf í náttúrunni.

### Hvar er fallegast á landinu öllu (fyrir utan Vestfirði)?

Vestmannaeyjar í öllu sínu veldi. Það er minn fæðingarstaður og er ég stolt af því að vera vestfirskur Vestmannaeyingur með class af Stokks-eyri, Kópavogi og Laugarvatni.

### Hvaða stað í heiminum langar þig til að heimsækja?

Ástralíu og Hawaií.

### Ertu bjartsýn(n) á framtíð Vestfirða?

Já það er ég, við þurfum að standa saman til að byggja upp gott samfélag til þess að við getum búið hérna um ókomna tíð. Það eru endalaus tækifæri hérna í ferðaþjónustu til dæmis og það er ýmislegt búið að gera en margt eftir og það eru spennandi tímar framundan.

### Hvað skortir á Vestfirði að þínu mati?

Ég myndi vilja fá fleira fólk og líka fleiri göng og betri vegi. Ég vil fá lítið fyrirtæki til að koma hingað með mannafla upp á 10-20 manns. Svo sem einstakri sundáhugakonu þá óska ég þess að fá flotta sundlaug með góðri útiaðstöðu og rennibrautum.

### Hvernig hljóma síðustu SMS-skilaboð sem þú fékkst í símann þinn?

Ekkert mál.

Auðunn

Þorgerður Katrín

Jón Jónsson

Bubbi

Þórunn Antonía

# ÍSLAND GOT

# TALENT

## VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ ÞÉR 10 MILLJÓNIR Í VERÐLAUNAFÉ!

Skráðu þig núna á  
[stod2.is/talent](http://stod2.is/talent)

### STÆRSTA HÆFILEIKAKEPPNI Í HEIMI ER NÚ LOKSINS KOMIN TIL ÍSLANDS

STÖÐ 2, með Auðun Blöndal í broddi fylkingar, leitar að fólki á öllum aldri til að taka þátt í Ísland Got Talent. Á næstunni förum við hringinn í leit að hæfileikaríku fólki sem vill gera alls konar skemmtilegt! Allir geta tekið þátt en þeir sem eru undir 18 ára þurfa undirskrift forráðamanns.

### ★ FJÖLBREYTT ATRIÐI

Söngur, dans, uppistand, tónlist, leiklist, íþróttir, áhættuatriði, töfrabrögð, sirkusatriði, gæludýragrín – hvað sem virkar!

### ★ EINSTAKLINGAR OG HÓPAR

Einstaklingar, pör, dúettar, tríó, lítil og stór hópatriði

### FÖRUM HRINGINN OG LEITUM AÐ HÆFILEIKARÍKU FÓLKI

Selfoss, Tryggvaskála	30. sept.	kl. 16	Ísafjörður, Edinborgarhúsinu	4. okt.	kl. 16
Borgarnes, Hjálmakletti	1. okt.	kl. 16	Húsavík, samkomuhúsinu	4. okt.	kl. 16
Höfn í Hornafirði, Sindrabæ	1. okt.	kl. 16	Sauðárkrókur, Húsi frítímans	5. okt.	kl. 15
Stykkishólmur, grunnskólanum	2. okt.	kl. 16	Akureyri, Rósenborg	6. okt.	kl. 10
Neskaupstaður, Egilsbúð	2. okt.	kl. 16	Vestmannaeyjar, Höllinni	8. okt.	kl. 16
Patreksfjörður, Sjórneningjahúsinu	3. okt.	kl. 16	Reykjavík, Fjölbrautask. Breiðholti	12. og 13. okt.	kl. 10
Egilsstaðir, Sláturhúsinu	3. okt.	kl. 16			



Eftir aðeins skamma stund í návist Láru Rúnar er ljóst að hér er á ferð heilsteypt og eldklár ung kona. Hún veit hvað hún vill í lífinu: Að berjast með hjartanu. Þessi hæfileikaríki listamaður er dóttir Ísafirðingsins Örnú Vignisdóttur textílhönnuðar og kennara og Rúnar Þórissonar tónlistarkennara og gítarleikara í hinni þjóðþekktu hljómsveit Grafík. Hún á því ekki langt að sækja listhneigðina. Móðirin er fædd og uppalin á Ísafirði, dóttir Vignis Jónssonar og Láru Helgadóttur sem ráku verslun Olúfélags útvegsmanna (Hafnarbúðina) á Ísafirði til fjölda ára og Lára eyddi þar ófáum sumrum í vinnu á unglingsárum sínum. Við fengum að heyra af þeim tíma hjá Láru, fyrstu skrefum hennar í tónlistinni, nýstofnuðu félagi kvenna í tónlist, KÍTÓN, gleðinni á Húna II og af hverju hún lætur sig jafn-

rétti kynjanna varða.

## Allt svona fyrsta eitthvað upplifði ég á Ísafirði

Rúnar faðir Láru kom til Ísafjarðar eitt árið ásamt Rafni Ragnari heitnum Jónssyni (Rabba) trommuleikara til að „hljómsveitarstússast“ eins og hún segir. Í gegnum Rabba kynntist hann Örnú, móður Láru. Lára segir marga halda Rúnar vera frá Ísafirði og þannig sé hún tengd Vestfjörðum en svo er ekki, hann er Hafnfirðingur. Arna hins vegar er fædd og uppalin á Ísafirði. Öll sumur eftir ellefu ára aldur vann Lára í versluninni hjá ömmu sinni og afa á Ísafirði.

„Ég hef því sterka tengingu til Ísafjarðar og þetta er uppáhaldsstaðurinn minn. Við reynum að koma hingað nokkrum sinnum á ári, ætli við séum ekki búin að koma fjórum eða fimm sinnum í ár. Já, mér þykir rosalega vænt um þennan stað. Allt svona „fyrsta“ eitthvað átti ég eða upplifði hér, fyrsta kærastann, fyrsta fylliríð, fyrstu sígarettuna. Greyið amma og afi þurftu að eiga við unglingsmanninn Láru. Ég hef ekki reykt nema þennan eina pakka þarna um árið, það var bara nóg. Enda var amma þefvís og fann sígarettulyktina af mér þó ég væri búin að sótthreinsa mig! Ég bjó sem sagt aldrei á Ísafirði en veit hins vegar ég var búin til herna upp á Urðarvegi og skírd í gömlu Ísafjarðarkirkjunni,“ segir hún.

Fjölskyldan flutti í Kópavog þegar Lára var 13 ára og sótti hún þar bæði grunnskóla og menntaskóla. Á menntaskólaárunum stundaði hún körfubolta af kappi, æfði fimm sinnum í viku og var stöðugt að keppa. „Ég var þess vegna lítið í félagsstarfi og náði lítið að mæta á bóllin. Karfan var í fyrsta sæti hjá mér. Á sumrin tók ég svo út villinginn á Ísafirði og kláraði bara þann pakka þar. Þannig að, já, ég tók þetta bara út svolítið snemma og var eftir það bara svona íþróttastelpa í Nike galla. En hætti svo þegar ég fór að gera músík um tvítugt því það var ómögulegt að reyna sinna bæði körfunni og tónlistinni á sama tíma,“ segir hún.

Foreldrar Láru eru hennar helstu fyrirmyndir í lífinu. Hún segir þau afar ástríki, sem henni þykir vera sterkasta aflið í heiminum, þ.e. ástin. „Og maðurinn minn er mikil fyrirmynd. Hann hefur kennt mér að það skiptir ekki máli hvað öðrum finnst um mig og listina, að taka ekki nærri mér það sem aðrir eru að segja. Það var rosalega erfitt fyrir mig

til að byrja með, þar sem ég er mikil tilfinningavera, að taka gagnrýni. Dóttir mín sem er 5 ára er mér líka mikill innblástur. Hún er svo dásamlega brosmild. Ég ber líka mikla virðingu fyrir fólki sem þorir að breyta til, ögra sjálfu sér, vera stöðugt í sjálfskoðun. Mér finnst svo ótrúlega heillandi þegar fólk þorir að takast á við sjálft sig, innri öfl og djöfla.“

## Stefndi ekki að framtíðarferli í tónlist

Þrátt fyrir að hafa stundað píanónám frá sex ára aldri og síðar klárað nám í klassískum söng hafði Lára ekki stefnt að framtíðarferli í tónlist. Hún hafi ekki haft áhuga á að gera tónlist að atvinnu fyrir en hún byrjaði að syngja og semja um tvítugt og þannig hafi hlutirnir þróast eftir það. Pabbi hennar bað hana að prófa að syngja laglínur í lögin hans og það fannst henni „brjálæðislega skemmtilegt“. Í kjölfarið fór hún að nálgast hljóðferin með nýjum hætti, fór að semja sjálf. „Ég var í raun komin með alveg nóg af því að lesa nótur og svoleiðis. Þetta var þess vegna mikil frelsun og ég fann í hjartanu að þetta var það sem mig langaði að gera í framtíðinni,“ segir hún.

Fyrstu plötuna gaf hún út 2003, aðeins tuttugu ára gömul, og má því segja að hún eigi tíu ára tónlistarafmæli í ár. Hún hefur nú gefið út fjórar sólplötur og eru fyrstu tvær, Þögn og Standing Still, nokkuð ólíkar seinni plötunum tveimur, Surprise og Moment. „Já, þetta er svona ákveðin þróun, ég byrja svo ung. Ég vissi ekki alveg hvað ég vildi gera en var svo rosalega heppin að lenda með strákunum í Hjálmmum sem hjálpuðu mér af stað og gerðu það rosalega vel. Þannig að fyrsta platan, Standing Still, er meira svona tilraunamennska. Svo kemur önnur platan, Þögn, og þá er ég að ganga í gegnum ástarsorg. Hún er því mjög melankólísk, svolítið þung og textarnir allir um það sem ég var að ganga í gegnum. Ég á erfitt með að spila hana sjálf, kannski tvö lög sem ég er tilbúin að spila á tónleikum því þetta er á ákveðinn hátt eitthvað sem ég er búin að afgreiða.

Svo fékk ég nóg af því að vera svona dramatísk og langaði frekar að sýna gleðina og fegurðina. Geri Surprise 2009, þá nýbúin að eignast barn og allt rosalega skemmtilegt, þannig að það má skilgreina hana sem gleðipopp.

Þetta er það sem mér finnst svo spennandi við lífið, þessar andstæður, gleði og sorg. Allt sem maður er að takast á við, sem er bæði gott og líka einhvern veginn að sjá það góða í því slæma. Þannig að nýjasta platan er alveg þar, ég tók drungann með mér inn í gleðina og leyfði þessum andstæðum að blandast. Leyfði mér að vera það sem ég er því maður er svo oft að reyna að vera eitthvað annað. Mér finnst ég loksins vera komin á réttan stað í lífinu. Búin að finna út hvað ég er og hvað ég vil verða.

Ég ákvað því að gefa nýjustu plötunni bara svolítið líf, láta hana gerjast aðeins og eiga sinn líftíma. Við vorum að gefa hana út í Ameríku núna og það gengur mjög vel, hún er komin á topplista háskólaútvarpa þar ytra. Þetta tekur tíma en ég hef trú á þessari plötu. Bransinn er svo óútreiknanlegur að maður veit aldrei hvað gerist. Í þessum heimi skipta peningar svo miklu máli, þó list sé rosalega góð og nái til fólks, þá er margt annað sem spilar inn í velgengni listamanna. Við fengum sem betur fer góðan styrk frá Útflutningsráði til að ráða fólk í vinnu í að kynna plötuna á amerískum markaði,“ segir Lára.

## Við þurfum bara víst ennþá að berjast

Lára er á öðru ári í meistaranámi í kynjafræði við Háskóla Íslands og hefur í sumar unnið að undirbúningi fyrir meistara-ritgerð sína sem tekur á stöðu kvenna í listum. Forsagan að efni ritgerðarinnar er einföld. Undir lok síðasta árs voru hún og vin-konur hennar úr tónlistarbransanum, Védís Hervör, Ragnheiður Gröndal og Greta Salóme, að spá í tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna og áttuðu þær sig á því að þar voru engar konur.

„Við veltum þessu mikið fyrir okkur og ákváðum að skoða þetta nánar, komumst meðal annars að því að konur fá aðeins 9% af Stefgjöldum sem greidd eru og að það eru 42 konur í félagi tónskálda og textahöfunda á móti einhverjum 292 körlum. Okkur langaði að kafa dýpra í þetta, og svo fór að við stofnuðum KÍTÓN í janúar á þessu ári. Nú erum við orðnar um tvo hundruð konur í félaginu og allir eru tilbúnir að stíga fram og breyta þessu. Auk þess sem finnum við mjög mikinn stuðning frá starfsbræðrum okkur úr bransanum,“ segir hún.

Starfi félagsins er skipt í þrjá hópa: Viðburðastjórnun, grasrót- arstarf og rannsóknir og greina-

skrif, sem er sá hópur sem Lára starfar í. Hún segir hugmyndina að meistara-ritgerðinni koma í kjölfar stofnunar félagsins og þeirra þælinga sem komu því af stað. Í sumar hefur hún unnið í því að að kortleggja stöðu kvenna í tónlist, sem felst meðal annars í því að orðræðugreina plötugagnrýni til þess að sjá hvort munur sé á hvernig fjallað er um karla og konur og einnig að taka út kynjahlutföll allra nefnda og ráða.

„Í grófum dráttum er þetta karlabransi. Ég er ennþá að greina þessi gögn þannig að ég vil ekki gefa mikið upp að svo stöddu. Það er hins vegar augljóst að fjölga þarf konum í þessari starfsstétt. Ég held að ástæðan liggja að einhverju leyti í menningunni, því hvernig við öllum upp börnin okkar, hvernig við kennum stelpum að hafa trú á sér. Við þurfum að spyrja okkur áleitinna spurninga eins og hvort við viljum að menningin okkar sé sköpuð bara af öðru kyninu. Við erum einmitt búnar að ræða mikið hvort að list sé kynlaus af því það eru margir sem segja það, list er list, skiptir ekki máli af hvoru kyninu þú ert, og ég er alveg sammála því. En þegar við búum í menningu sem er alls ekki kynlaus og erum að starfa innan hennar, þá skiptir það máli. Það eru svo margir sem tala um að þeir séu komin með leið á þessu „kvenréttindakjafaði“, femínistafélögum og svona. En það er 2013 og við þurfum bara víst ennþá að berjast, ekki síst í listinni þar sem konur þurfa að sjást betur.“

## Kom út eins femínísk og það gerist

Mannréttindamál hafa alltaf heillað Láru og hún tekur allt misrétti nærri sér. Hún ákveður að skrifa sig í meistaranám í kynjafræði eftir að hafa lokið BA í kennslufræðum. Skilgreiningar á femínisma hafa löngum verið umdeildar og hugmyndir og baráttuáferðir hans margvíslegar. Lára segir að í huga hennar hafi þetta hugtak verið neikvætt en þegar hún skráði sig í jafnréttisfræði, á fyrsta ári kynjafræðinámssins, þar sem fjallað er um alla minnihlutahópa, hafi hún í enda námskeiðsins verið orðin eins femínísk og það gerist.

„Í dag er femínismi fyrir mér ótrúlega fallett sameiningartákn sem hefur það markmið að útrýma ójafnrétti og úreltum staðal- og kynímyndum til þess að við getum öll lifað sátt í eigin skinni, sama hvernig við fæðumst og





# Það afl sem tónlistin er



hvern við elskum. Ég heillaðist algjörlega og þetta er skemmtilegasta nám sem ég hef farið í, en jafnframt erfiðasta. Mér fannst ég fá skýringu á svo ótrúlega mörgu, hver ég væri og af hverju og mér fannst ég eflast alveg ótrúlega. Það má segja að þetta hafi verið bæði sjálfsskoðun og háskólanám.

En þetta var og er erfitt af því þetta tekur alveg rosalega á tilfinningalega, bæði að sjá að við séum öll sósuð af einhverju svona kynjakerfi, sjá birtingarmyndir ofbeldis, fjalla um kynbundið ofbeldi, vændi, klám og annað. Sumt getur maður ekki skoðað án þess að finna fyrir ógleði. Fyrsta hálfu árið í náminu var ég eiginlega bara reið en það er eitthvað sem ég þurfti líka að komast í gegnum og reyna að treysta á endanum að heimurinn reddi sér, þetta verður allt í lagi. Ég þurfti líka að læra að setta

sig við að við erum öll með í þessu kerfi, ástvinir manns líka. Ég sjálf er búin að vera taka þátt í þessu kerfi og maður þorir ekkert alltaf að berjast á móti og það tekur á að hugsa um það allt í einu af hverju maður er að mála sig og raka sig, af hverju maður er aldrei fyllilega ánægður með sjálfan sig og eigið útlit. Fyrst datt ég í einhvern svona móþróa en svo áttaði ég mig á því að við erum bara mannleg. Maður getur ekki staðið upp og barist einn fyrir öllu saman heldur verður frekar hvert okkar mynda sprungur í kerfið þar til það hrynur vegna sameiginlegs átaks.“ segir hún.

Sjálf segist hún ekki hafa fundið fyrir miklu kynjamisrétti í tónlistarbransanum en hún sé jafnframt að rannsaka þær ólíku breytur sem eru í kringum listamenn sem geta mögulega haft áhrif á hvernig þeim vegnar og hvernig þeim er tekið. Sem dæmi

um aðrar breytur nefnir hún aldur, hvaðan maður kemur og hvurra manna maður er og tengsl innan bransans. Allar þessar ólíku breytur geri það að verkum að erfitt verði að setja puttann á það hvað valdi því að konur eru ekki eins sýnilegar í listinni og karlar. „Það er margt sem spilar inn í. Jú, maður hefur mætt alls konar rugli, ógeðslega miklu rugli, en maður lærir að umkringja sig fólki sem maður treystir.“

## Gleðin var allsráðandi á Húna II

Aðspurð hvort hana dreymi um að gera eitthvað annað í lífinu, framtíðinni, segir Lára alveg geta séð sig fyrir sér trallandi með gítarinn á elliheimilinu en henni finnst eins og hún hafi náð utan um allt sem hana langar til að gera. Í sumar hefur hún náð kjarnanum, komist frá reiðinni yfir misréttinu og nú einbeiti sér hún

að ástinni, samstöðunni og sömu leiðis samstarfinu sem hefur myndast í KÍTÓN. Eins hafi haft mikil áhrif á hana að kynna öllum í áhöfninni á Húna II og því „brjálada afli“ sem tónlistin er.

„Mér fannst hún sameina allt landið, allir fundu hjartað slá í þessu. Mér fannst ég finna þar hvernig maður á að starfa í þessu fagi, þetta snýst ekki um einstaklinginn mig, egóíð mitt og viðurkenningu, heldur hvernig ég tengi við fólkið, að fólk finni fyrir tónlistinni og tengi það við sína eigin lífsreynslu og hugarheim.“

Ég fann sterkt fyrir sameiningarkraftinum í sumar og veit núna að maður á ekki að vera í baráttu með reiðinni heldur hjartanu. Í Húnaferðinni var þessi tilgangur lífsins, tengingin við fólk, tengingin sem myndaðist innan okkar sem bjuggum í borð í bát, með Jónas Sig hrjóttandi í kojunni fyrir

ofan okkur. Þetta var rosalega náði í 3-4 vikur, við vorum klesst hvert við annað en það var aldrei neinn ágreiningur, bara gleði. Eingöngu og alltumlykjandi gleði.

Það var líka magnað hvernig allir tengdust, björgunarsveitirnar, fólkið á bryggjunni, það bara smell eitthvað og maður hugsaði: Þetta er málið! Og það þarf ekki endilega neitt stórt til, bara góða hugmynd og falleg hjörtu. Sem dæmi, þá héldum við KÍTÓNkonur tónleika á Bræðraborg á Ísafirði sem er lítið kaffihús og þar smell það líka, tengingin við fólkið. Við misstum svolítið tenginguna held ég sem heimur með allri tækninni og nýjungunum og spennunni í kringum það og þessari stöðugu keppni við tímann. En í dag finnst mér við vera detta aftur til baka í þetta mannlega,“ segir Lára Rúnarsdóttir. – harpa@bb.is



## Boltinn í beinni...

### Laugardagur 28. september

kl. 11:35 Tottenham - Chelsea  
 kl. 15:55 Almeria - Barcelona  
 kl. 16:00 Fulham - Cardiff  
 kl. 16:00 Hull - West Ham  
 kl. 16:00 Aston V. - Man. City  
 kl. 16:00 Man. Utd. - West Br.  
 kl. 16:15 Swansea - Arsenal  
 kl. 19:50 Real M. Atletico M.

### Sunnudagur 29. september

kl. 12:20 Stoke - Norwich  
 kl. 15:00 Sunderl. - Liverpool

### Mánudagur 30. september

kl. 18:45 Everton - Newcastle

## Dagar Íslands

**26. september 1950:** Mjög dimmt var víðast hvar á landinu fram eftir öllum degi og sól bláleit að sjá. Giskað var á að þessi loftmengun hefði stafað af eldgosu á Filippseyjum eða skógareldum í USA.

**26. september 1970:** Fokker Friendship flugvél frá Flugfélagi Íslands fóst á Mykinesi í Færeyjum. Þrjátíu farþegar voru með vélinni og fjögurra manna áhöfn. Átta manns létust, þar af einn Íslendingur.

**27. september 1966:** Rússneska skemmtiferðaskipið Baltika lagði af stað frá Reykjavík á leiðis til Miðjarðarhafs og Svartahafs með 421 íslenskan farþega. Ferðin var umtöluð m.a. vegna mikillar áfengisneyslu.

**28. september 1988:** Minnisvarði um Ragnar H. Ragnar var afhjúpaður á Ísafirði, en þennan dag hefði Ragnar orðið nírcæður. Ragnar H. var skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar um 36 ára skeið.

**30. september 1966:** Sjónvarpið hóf útsendingar. Fyrst um sinn var sjónvarpað tvo daga í viku, 2-3 klst. í einu. Starfsmenn voru þrjátíu.

## Helgarveðrið

### Horfur á föstudag:

Norðan 8-13 m/s og slydda NV-til, en annars hægarí og rigning með köflum. Hiti 1-10 stig, svalast á Vestfjörðum.

### Horfur á laugardag:

Norðlæg eða breytileg átt og víða skúrir eða dálítill elí framán af degi, en léttir síðan til. Svált í veðri.

### Horfur á sunnudag:

Breytilegar áttir og úrkomulífið, en fremur svált í veðri.

# Krossgátan

Jón Steingr.	Máls-háttur	↙	Krap	↘	Liðir	Bólga	↙	Hey-laupur	↘	↙	Þver-haus
			Einn		Tíma	Sérhlj.		Ósamst.			Þróttir
Máls-háttur								→			↘
Samteng-ing			Kvaka			Mundi Röð				>	
			Sigtar			Skipun					
Gort								↘	Fótubúnað		
Endist											
↘					Blað					Stafur	
					Slagur					←	
										Eins um Æ	
Ríku-lega	↓	Ísl. st.		Til			Málmur				
		Skaut		Umrót			Rata Fyrirbæin				
↘						Skaga upp úr Sveitar-félag					✓
Söng-hópa					Smágrein						
Leyni					Veislu-föng						
↘			Afdrep							Eftir-skrift	
			Viðskipta-vin Skel							Fýsn	
Gljáa Band								↑	Málfr.sk.st.		↓
↘					Hæð Ráða-gerð						
					Tamning						
Alls-gáður		Nef				Frekju					
Einn		Mönnum				Átt					
■	↘							↘		Ísl. st.	
	Glugga									Tala	
Raftur						Stritinu					
Ská						Spann					
↘			✓							Tíma-mælir	
						Eins um Þ				Eins	
						Tvíhlj.					
Kvabb					Fram-leiðsla						Tónn
Átu með áfergju					Sömu						
					Ísl. st.						
↘						Aflaga					

VERKSTÆÐI  
 STEFÁNS  
 ARNAR

- ✓ Allar almennar bílaviðgerðir
- ✓ Rúðuskipti

Sindragata 10, 400 Ísafirði  
 Sími: 456 2310 / 869 6852

Finndu mig á [facebook](#)



# Lausn á síðustu krossgátu

			⌘	F	A	S	T	E	I	G	N
			⇒	⇒	Á			G			I
			F	Ú	S	A		I	M	I	Ð
				T	A	M	I	N	N		J
	↓		H	I	M	I	N	N		A	U
H	O	R	A	S	T			G	I	G	T
	K	Ý	T	A		E	I	N	A	T	T
S	K	J	A	L	I	Ð		G	R		U
	U	A		E	L	J	U		P	E	Ð
	R		G	R	Ó	A	R	Á	S	I	R
	↘	V	A	N	T	A	Ð	I	⇒	M	A
A	N	D	L	I	T	S		S	P	A	N
	E		D		A	N	N	Á	L	A	
S	T	A	U	P		A		L	Á	Ð	S
	I	Ð	R	I	F	R	A	M	S	A	L
Ó	N	A		K	J	Á		U	S	L	I
	U	N	S	K	Á	M	A	R		S	T

## Sudoku þrautir

					9	2		
				3			1	4
	9	5				3		6
6	7			9				
		2		6		7		
				4			3	9
5		1				4	6	
8	3			5				
		4	1					

6		2		8				
8				3		4		
					4		1	
		9	3				2	1
2			9		5			6
5	3				1	9		
	6		4					
		3		7				9
				1		6		3



Í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir 18,9 milljónum króna í snjómokstur.

## Snjómoksturskostnaður kominn yfir áætlun

Í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir 18,9 milljónum króna í snjómokstur. Nú þegar er kostnaðurinn kominn yfir aðeins yfir áætlun í aðkeyptri þjónustu vegna snjómoksturs og haustið og veturinn fram að áramótum eftir. Síðasti vetur var nokkuð snjópungur og sem dæmi þurfti að keyra snjó á vörubílum úr Holtahverfi á Ísafirði og þá var mjög mikill snjór var á Flateyri sem yfirleitt er snjópungsti staðurinn í Ísafjarðarbæ.

„Ef veturinn hefst snemma sæki ég væntanlega um leyfi bæjarráðs til að færa fjármagn á milli liða. Eins og staðan lítur út þá verða að öllum líkindum meiri tekjur í byggingarleyfisgjöldum heldur en venjulega. Ef svo verður þá sækjum við um leyfi til að færa fjármagn þaðan til þess að geta staðið undir snjómokstrinum,“ segir Jóhann Birkir Helgason, sviðsstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs Ísafjarðarbæjar.

## Fleiri ferðamenn á Hornstrandir

Síðustu ferðamennirnir yfirgáfu Hornstrandafriðlandið 30. ágúst síðastliðinn og hefur svæðið verið mannlaut síðan að sögn Jóns Björnssonar, landvarðar. Þrátt fyrir að heildartölur liggi ekki fyrir telur Jón að aukning hafi verið á umferð göngufólks um svæðið í sumar. Eftirlit er með umferð um svæðið yfir sumartímamann en erfiðara er að fylgjast með vetrarumferðinni. Meðal þeirra aðferða sem beitt er til að fylgjast með umferð, er eftirlit með nýtingu tjaldsvæða og það eru þær upplýsingar sem Jón telur benda til fjölgunar á göngufólki.

Hornstrandafriðland þekur fyrrum Sléttuhrepp og hluta af Grunnavíkurhreppi. Sléttuhreppur fór úr byggð árið 1952, en Grunnavíkurhreppur árið 1962. Á svæðinu er ekki að finna innviði nútímasamfélagsins, og ekki er óalgengt að gestkomandi vanmeti aðstæður. – herbert@bb.is

# Þjónustuauglýsingar

**H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf**  
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

**66°N** Sjóvinnufatnaður  
Stígvél og vettlingar  
Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

**BÍLAVERIÐ ehf**  
Hjólbarðþjónusta  
Smurþjónusta  
Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði  
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

**Öll almenn húsmíði**

**BOLUNGAVÍK**  
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir **GLERBORG**

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði  
www.verkvest.is

**VERK VEST**

**ENDURSKOÐUN** Sími í Bolungarvík 450 7900  
Sími á Ísafirði 450-7910  
VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

**Bílasala**  
456 3800  
**Bílaverkstæði**  
456 4580

**BÍLANGI HF.**  
ÍSAFIRÐI

Suðurgötu 9

**Geirnaglinn ehf**  
Trésmíðaverkstæði  
Strandgötu 7b  
400 Ísafirði  
Sími: Þórhallur 848 2087  
Sími: Magnús 862 3122  
www.geirnaglinn.is

**PRISTURINN**

2x14 lítra  
+ 1x8 lítra á sleða  
Mál: 31 x 46/36cm

**Gámaþjónusta Vestfjarða ehf**  
Sími: 456 3710  
gamarvest.is



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# NÝR AURIS HYBRID TOURING SPORTS LANGBAKUR SKUTBÍLANNA



## ÁSTÆÐA TIL AÐ PRÓFA **HYBRID**

Stórglæsilegt útlit Auris Hybrid Touring Sports er aðeins ein af ástæðum þess að þú verður að prófa þennan skutbíl – þennan langbak sem skilar þér mjúku, hljóðlátum akstri í skjóli sjö loftpúða. Afburðargott rými fyrir bæði fólk og farangur er enn ein ástæðan til að njóta tæknilegra þæginda á borð við Toyota Touch margmiðlunarkerfi og bakkmyndavél. Hagkvæmt hybrid-kerfi og hugvitsamleg hönnun sparar eldsneyti og dregur úr útblæstri.

Komdu og reynsluaktu LANGBAKI SKUTBÍLANNA.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð frá: 4.770.000 kr.

**HYBRID**



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

\*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgengið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.